

HÚSIN Í BÆNUM

Amtmannsstígur liggur frá Lækjargötu upp að Ingólfsstræti. Upphaflega var þarna aðeins troðningur sem farið var um að Amtmannshúsinu sem reist var 1879 við Ingólfsstræti.

Þegar gatan var lögð hélt hún nafninu.

Í maí 1906 kaupir Sighvatur Bjarnason 700 ferálna lóð af stjórn Félagsbakarísins og húsgrunn íbúðarhússins sem þar hafði staðið. Húseignir þessar höfðu brunnid seint á árinu áður en C. Frederiksen bakari hafði byggt þar bæði brauðgerðar- og íbúðarhús árið 1901. Í byggingarleyfi er gert ráð fyrir húsi 22 1/2 x 14 1/4 álnir að grunnfleti að viðbættum skúr sunnan við húsið, 2 x 6 álnir. Einnig fær Sighvatur helming lands sem fara átti undir vegastæði ofan við lóð Félagsbakarísins, með þeim kvöðum að ekki megi taka fyrir umferð um vegin verði hann lagður þar.

Sama ár og Sighvatur fékk lóðina flytur hann frá Noregi til höggvið hús sem sett var niður á lóðinni. Húsið var svo til fullbúið í byrjun nóvember sama ár, þegar fyrsta brunavirðingin var gerð. Í henni segir að Sighvatur Bjarnason bankastjóri hafi byggt einlyft hús með porti, kvisti og 6 1/2álna risi, á lóð sinni við Amtmannsstíg (þeim megin sem íbúðarhús Félagsbakarísins stóð). Þá segir enn fremur að húsið sé byggt af bindingi, klætt utan með plægðum 5/4" borðum, pappa, listum, járnri yfir og með járnþaki á plægðri borðasúð, með pappa í milli. Í öllum útveggjum er milliþil úr plægðum 3/4" borðum, pappa og sagi í milli. Á hæðinni eru fimm íbúðarherbergi, eldhús, gangur sem liggur í vinkel og einn fastur skápur. Allt þiljað og herbergin og gangurinn með striga og pappir á veggjum og loftum. Allt málað.

Uppi eru sjö íbúðarherbergi og gangur með sama frágangi og niðri. Þar eru fimm ofnar. Í



Amtmannsstígur 2 tilheyrir nú Menntaskólanum í Reykjavík og stendur á sömu torfu.

þremur af herbergjunum er brjóstþil með spjöldum. Á skambitum er gólf úr plægðum 5/4" borðum, þar uppi er þurk og geymsluloft.

Kjallari er undir öllu húsinu, í honum öllum er steinsteyppugólf; meðalhæð í honum er 4 1/2 alin. Þar eru þrjú geymslurými, þvottahús með vatnspotti, gangur og sölubúð þiljuð innan og máluð. Vatnsleiðslupípur liggja inn í eldhúsið og þvottahúsið. Pípur fyrir skólp voru lagðar undir kjallaragólfid út í lokræsi. Við suðurhlid hússins er inn- og upp-gönguskúr byggður eins og það. Eins og með mörg önnur hús sem voru flutt inn tilhöggvin er ekki getið um það í brunavirðingu.

Sighvatur Bjarnason var fæddur í Reykjavík 25. janúar 1859. Hann var af Fremra-Hálsaett, sonur hjónanna Bjarna Kristjánssonar og Þorbjargar Sighvatsdóttur frá Melum á Kjalarnesi. Hann fór ungur að vinna fyrir sér og var aðeins fimmtán ára þegar hann byrjaði að vinna á landshöfðingjaskrifstofunni hjá Jóni Jónssyni landshöfðingjaritara, og vann sér þar traust allra. Árið 1886 þegar Landsbankinn var stofnaður varð Sighvatur bókarar þar. En árið á undan fór hann til Danmerkur og kynnti sér þar bankastörf. Hann var bankastjóri Íslandsbanka frá stofnun hans 1904 og þar til árið 1921, að hann lét af störfum vegna veikinda. Sighvatur Bjarnason var

mjög þekktur maður sem sinnti ótal trúnaðarstörfum fyrir utan hið yfirgripsmikla bankastjórastarf. Hann sat í stjórn Verslunarskólans og vann að eflingu hans. Hann var einn af stofnendum Oddfellowreglunnar árið 1897 ásamt Birni Jónssyni ritstjóra og varð justisráð að nafnbót. Hann var í ótal stjórnunum og má þar nefna bæjarstjórn. Kona hans var Ágústa, dóttir séra Sigfúsar Jónssonar á Undirfelli. Ágústa var fædd að Tjörn á Vatnsnesi 9. janúar 1864, og fluttist með foreldrum sínum að Undirfelli þegar faðir hennar tók við prestsskap þar. Hún fór ung til Reykjavíkur og giftust þau Sighvatur 29. október 1886. Þeim varð nfu barna auðið, en tvö börn þeirra dóu í æsku.

Yngsti sonur hjónanna Sigfúsar forstjóri Vátryggingafélagsins í Lækjargötu 2.

Frú Ellen Sighvatsson ekkja Sigfúsar hefur skrifað góða greinargerð um húsið og heimilislífið þar. Með leyfi hennar er hér að neðan leitað fanga í greinargerðinni.

Lóðin að Amtmannstíg 2 var það stór að, Sighvatur Bjarnason seldi KFUM helming hennar. Húsið að Amtmannstíg 2 kostaði tuttugu og eitt þúsund krónur, en til fróðleiks má geta þess að Erlendshús í Skólastræti kostaði ellefu þúsund krónur. Í miðherbergi í kjallara hússins stóðu klappir upp úr gólfinu, en þar var brunnurinn fyrir Frederiksen bakari. Seinna voru klappirnar timburklæddar og mynda pall í miðherberginu. Í kjallara er lítill íbúð og þar er dálítill kæligeymsla sem snýr út í garðinn. Hægt var að geyma mjólk þar í fimm daga án þess að hún súrnaði. Gluggarúður í fremstu forstofuhurðinni eru frá 1907. Leifur Blumenstein byggingatæknifræðingur sagði að þær væru einu gluggarúðurnar frá Bæheimi sem til væru hér á landi nú á dögum. Handriðið í forstofunni er einnig frá 1907 og samkvæmt upplýsingum frá arkitektum sem hönnuðu glerskálann sem var við

lónó, er þetta eina handrið sinnar tegundar á landinu. Upprunalegur gólfdukur er í lítilli geymslu í forstofunni.

Í núverandi bílskúr er sem-entgólf sem var steypt á árunum 1905 til 1906. Það vekur athygli að gólfid er næsta sprungulaust. Þarna voru áður fimm útikamrar; einn fyrir karla, annar fyrir konur, sá þriðji fyrir börn, fjórði fyrir fatageymslu og loks var einn aukakamar.

Þegar húsið var byggt gleymdist að tengja stigann sem liggur frá jarðhæð/kjallara upp á fyrstu hæð. Þá var brugðið á það ráð að setja járnkló í gegnum gólfid í fyrsta herbergið til hægri.


Frú Ellen Sighvatsson lýsir heimilislífinu á Amtmannstíg 2 þannig. „Á heimili Sighvatar Bjarnasonar og Ágústu Sigfúsardóttur var mjög gestkvæmt. Ráðherrarnir Hannes Hafstein og Jón Magnússon ásamt fleiri stórmönnum voru þar tíðir gestir. Þegar hjónin voru með gestabóð, tóku fyrir menn af sér sverð, belt og embættishöfuðföt í fremstu forstofunni. Þar voru unglingar til taks (t.d. Guido Bernhöft, Sigfús Sighvatsson og Hemmi Sveins) til þess að gæta yfirhafnanna meðan á veisluhöldum stóð“ „Sire vindser“ spilið var mikið spilað á heimilinu og spilaðu Sighvatur Bjarnason, Hannes Hafstein, Jón Magnússon og fleiri saman. Eitt sinn sló Hannes Hafstein það fast í spilaborðið að það brotnaði. Var þá annað spilaborð úr mahoní keypt og er það enn í eigu fjölskyldunnar“. Árið 1947 brann húsið við hliðina Amtmannstígur 4. Þá kviknaði í Amtmannstíg 2 og taldi þáverandi slökkviliðsstjóri að húsið hefði að öllum líkindum einnig brunnid ef viðurinn í þaksperrunum hefði ekki verið svona vandaður.

Á heimilinu voru alltaf tvær til þrjár vinnustúlkur. Auk þeirra var þar kona sem kölluð var Lauga gamla, svipuð manngerð og Gunna klukka. Hún hafði þann starfa að sækja mjólk og fisk fyrir heimilið. Lauga neitaði að




Ágústa Sigfúsardóttir og Sigfús Bjarnason bankastjóri. Þau létu byggja húsið Amtmannstíg 2.

SÖGUR OG SAGNIR



Dyraumbúnaður hússins er allur vandaður og skreyttur að sinnar tíðar hætti.



Húsið var prýtt útskornum skreytingum, en er nú í niðurníðslu, enda hefur því ekki við haldið við áratugum saman.

skúra úr Gvendarbrunnvatni. Sagði að það væri of fínt vatn. Hún sótti vatn til skúringa í Einarsbrunn.

Ellen Sighvatsson giftist Sigfúsi yngsta syni Sighvatar og Ágústu og fluttist til Íslands 1930. Hún hefur búið í húsinu alla tíð síðan eða samfleytt í sextíu og sex ár. Eftir lát tengdforeldra hennar kaupa þau Sigfús og Ellen húsið.

Sighvatur Bjarnason lést 30. ágúst 1929.

Ágústa Sigfúsdóttir lést 30. maí 1932.

Alla tíð hefur verið mjög gesthvæmt á Amtmannstíg 2. Frá árinu 1948 hefur verið venja að gestir skrifuðu nafn sitt í gestabók heimilisins. Þegar Ellen Sighvatsson flutti úr húsinu fyrir tveimur árum var þrettánda gestabókin í notkun.

Ýmiskonar atvinnurekstur herfur verið stundaður á Amtmannstíg 2. Í kjallara var versunarpláss og í desember 1960 fékk Ellen Sighvatsson leyfi fyrir því að breyta gluggum á versluninni. Þarna var um langt skeið rekin bókaverslun.

Þetta virðulega og fallega hús sem heldur að mestu upprunalegu útliti sínu jafnt utan sem innan er nú í niðurníðslu, því ekkert hefur verið gert fyrir húsið eftir að Menntaskólinn í Reykjavík eignaðist það. Mikil þörf er á því að þeir sem völdin hafa afli fjármuna til að gera húsið upp og það verði notað fyrir þá starfsemi sem upphaflega var ætlað þegar MR festi kaup á því.

Helstu heimildir eru frá Borgarskjalasafni, Þjóðskjalasafni og grein eftir Ellen Sighvatsson.

Laun dyggðar og uppskera ódyggðar

Áður en markaðskerfið var fundið upp og fólk var guðhrætt og fátækt var því mjög haldið á lofti að dyggðugt líf-erni og gjafmildi borgaði sig. Eru til mörg falleg ævintýri um dyggðum prýddar konur sem hlutu umbun fyrir ráðvendni og hreinlifi. Nú á dögum hefðu þær ekki komist langt í Hvíta húsinu vestur í henni Ameríku, en það er önnur saga. Hér fer á eftir falleg saga sem hann séra Benedikt í Múla ritaði upp eftir gamalli og frómri ekkjufrú, Björgu Sigmundardóttur:

Það var á bæ einum að allt fólkið var til messu nema vinnukona ein var heima. Þegar hún hafði lokið heimilisstörfum, settist hún á rúm sitt og kveikti kertaljós og fór að lesa í bók. Stundu seinna komu tvö börn inn í baðstofuna og léku sér, seinast lögðu þau hendur í skaut kvenmannsins, en hún tók kerti eitt og skipti því í þrjá hluti og gaf sinn þriðjung hvoru barni, en átti sjálf einn. Þá hýrnaði yfir börnunum og hlupu þau því næst í burtu.

Skömmu síðar kom maður á kjól inni baðstofuna. Hann heilsaði blíðlega kvenmanninum og vildi fá hana til fylgils með sér. En þess var eigi kostur. Fór hann þá burtu við svo búið.

Því næst kom inn kona. Hún kvaddi hana og þakkaði henni fyrir börnin sín. Tók hún upp hjá sér rautt klæði og sagðist vilja gefa henni það fyrir börnin sín og fyrir það, að hún hafi ekki viljað þýðast manninn, sem til hennar hefði komið. Því næst gekk hún burtu.


Þegar heimilisfólkið kom heim frá kirkjunni, þá sá húsmóðirinn pilsefnið hjá vinnukonunni og ófundaði hana af því. Grófst hún vandlega eftir, hvernig hún hefði fengið það, en vinnukonan vildi ekki segja frá því. Leið svo fram að jolum veturinn eftir, að ekkert bar til tíðinda. Húsmóðirinn lét þá allt fólk fara til kirkju, en var sjálf heima.

Þegar hún hafði lokið heimilisstörfum sínum settist hún upp á rúm og fór að lesa í bók. Þá komu börnin sem fyrr og léku sér á pallinum. En þegar þau lögðu hendur á skaut henni, flengdi hún á þær, en börnin hlupu burtu grátandi. Nú kom kjólmaðurinn til hennar og heilsaði henni blíðlega og mæltist til hins sama við hana og vinnukonuna. Hugsaði hún þá, að þessi maður hefði gefið vinnukonunni pilsefnið, og varð strax við bón hans. Síðan fór hann burtu.

Þá kom konan til hennar og tók í hægri hönd hennar, og sagði, að hún mundi hafa flengt börnin sín og klappað manninum sínum, og lagði hún það á hana, að hún skyldi í henni aldrei jafngöð verða og fór svo á braut.

En konan missti aflíð í hendinni.

GAMLA MYNDIN



Hver kannast við fólkið?

Ef lesendur Dags þekja einhverja á þeim myndum sem hér birtast eru þeir vinsamlega beðnir að snúa sér til Minjasafnsins á Akureyri, annað hvort með því að senda bréf í pósthólf 341, 602 Akureyri eða hringja í síma 462-4162 eða 461-2562 (símsvari.)

Ljós minninganna

Sr. María Ágústsdóttir, héraðsprestur í Reykjavíkurprófestsdæmi vestra, skrifar.

Veist þú hvar ástvinir þínir hvíla? Vita börnin þín það? Við lát ástvinar eru viðbrögð fólks ólík. Sumir halda fast í minningarnar, jafnvel þannig, að líf þeirra festist í farvegi sorgarinnar. Aðrir láta allt af hendi, en eiga þá á hættu að tapa tengingunni við hið góða, sem ástvinurinn látni gaf þeim. Eins og oft er meðalvegurinn gullni hin heilbrigða leið. Í sorginni verðum við að horfast í augu við hið endanlega, að hinn látni kemur aldrei aftur. En um leið megum við ekki glata minningunum í þakklæti yfir samleiðinni með þeim, sem nú er farinn. Börnum er það sérstaklega mikilvægt að rækta minningar sínar um náinn ástvin á sama tíma og líf þeirra finnur sér nýjan farveg með nýju fólki.

Næstkomandi sunnudagur, 1. nóvember, er samkvæmt langri hefð kirkjunnar minningardagur allra heilagra. Daginn eftir, 2. nóvember, nefnir rómversk-kaþólsk kirkja allra sálna messu, en víða renna þessir dagar saman í einn. Litla athygli hefur messudagur allra heilagra og allra sálna hlötið í okkar kirkju síðustu aldir. Á þessum áratug hefur hins vegar orðið nokkur vitundarvakning um málefni syrgjenda og

beinast sjónir þá meðal annars að minningardegi látinna. Eins og fyrr var komið inn á er mikilvægur liður í úrvinnslu sorgarinnar að kveðja hinn látna og horfast í augu við hið endanlega, en um leið að virða minningu hans. Í því skyni sýnum við leiðum ástvina okkar ræktarsemi, prýðum þau ljósum og blómum og vottum þannig þakklæti okkar og elsku í garð hans eða hennar, sem gengin er. Hér á Íslandi bera fagurskreyttir kirkjugarðar við jól og áramót merki virðingar okkar við hina látnu. Hitt vinnur einnig á, að messudagurinn fyrsti í nóvember gefi tilefni til að rifja upp minningarnar og fela bæði hið góða og sára í lækningu hendi Drottins.

Þennan dag, allra heilagra messu, er messað í flestum kirkjum landsins. Í Reykjavík eru víða messur bæði kl. 11 og 14, og sumsstaðar líka kl. 20.30. Vilja prófastar Reykjavíkur hvetja fólk til að sækja kirkju þennan dag og þá einnig að vitja leiða ástvina sinna. Þetta á ekki síst við um fjölskyldufólk, sem getur notað tækifærið til að fara með börnin að leiði afa og ömmu og tendra þannig ljós minninganna.

Í Fossvogskirkju verður sérstök dagskrá á sunnudaginn kl. 14-18 á vegum Reykjavíkurprófestsdæma og Kirkjugarða prófestsdæmanna. Sex kórar flytja vandaða tónlist í samstarfi við fimm organista á hálf tíma fresti. Þess á milli verður flutt bæn og lesið úr

ritningunni. Fólk er frjálst að koma og eiga helga stund í húsi Drottins lengur eða skemur. Kórarnir sem bjóða fram list sína eru: Tónakórinn, Kammerkór Langholtskirkju, kór Digraneskirkju, kór Bústaðakirkju, Schola cantorum og Hljómkórinn. Við aðalinnangang kirkjugarðanna í Fossvogi, Gufunesi og við Suðurgötu mun starfsfólk veita leiðsögn og Hjálparstofnun kirkjunnar annast sölu fríðarljósa.

En hvers vegna allra heilagra messa? Með orðinu heilagur er átt við að einhver eða eitthvað sé frátekið fyrir Drottinn. Guð hefur helgað sér þig í skírminni. Þannig er vera þín heilög fyrir Drottinni. Þú tilheyrir honum. Krossmark við vöggu og skírn og síðar kistu og gróf minnir á helgunina, að Guð hefur merkt okkur sér. Á allra heilagra messu biðjum við þess að vera hinna látnu sé helguð Drottinni, að þau hvíli í hendi hans. Eins biðjum við að líf okkar megi eignast dýpt og verða heilt vegna elsku Guðs til okkar. Sorgin hefur níst marga og valdið sári, sem seint grær. En í trausti til frelsarans, sem sjálfur grét við gróf vinar, er græðslu að finna. Felum honum líf bæði hinna lifandi og hinna látnu. Komum saman á helgri stund í húsi Guðs, tökum frá tíma til að tala við föður okkar á himnum og heyra orð frá honum. Hann læknar lifenda sárin og bregður ljósi á lífsveg barna sinna.

www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR